

Samningur um eflingu íþróttastarfs yngri iðkenda í Hafnarfirði



RioTinto



Hafnarfjarðarbær kt. 590169-7579, Íþróttabandalag Hafnarfjarðar (ÍBH) kt. 670169-0229 og Rio Tinto á Íslandi hf. kt. 680466-0179 gera með sér eftirfarandi samning um eflingu íþróttastarfs yngri en 18 ára iðkenda íþróttafélaganna í Hafnarfirði. Samningur þessi er gerður á grundvelli samstarfssamnings Hafnarfjarðabæjar og ÍBH sem er í gildi hverju sinni.

1. gr.

Markmið samnings þessa er að efla íþróttastarfið í Hafnarfirði þannig að það verði áfram kraftmikið og bæjarbúum til heilla. Með stuðningi bæjarins við íþróttahreyfinguna með þessum hætti ber íþróttafélögum að halda árgjöldum yngri iðkenda sinna í hófi. Samningur þessi á að efla fagmennsku íþróttafélaganna við kennslu og þjálfun barna og unglinga þannig að þjónustupáttur þeirra við bæjarbúa verði aukinn og bættur. Samningurinn á einnig að efla innra starf íþróttafélaganna til framfara og framtíðaruppbyggingar á sviði þjálfunar og kennslu innan hreyfingarinnar. Með samningi þessum heita íþróttafélögin því að stúlkur og drengir njóti jafnra tækifæra, þeim sé veitt jöfn hvatning og þau fái sömu möguleika til að stunda íþróttir hjá félögunum. Við stefnumótun og þjálfun verður jafnframt lögð áhersla á jafnan hlut og aðgang kynjanna að þáttum eins og fjármagni, tíma og upplýsingum.

2. gr.

Aðildarfélög ÍBH fá greitt rekstrarframlag sem miðast við fjölda iðkenda yngri en 18 ára. Hvert íþróttafélag fær styrk fyrir hvern iðkenda að upphæð sem miðast við hlutfall af heildar fjárveitingu samkvæmt 7. og 9. gr. og að teknu tilliti til frádráttar vegna jafnréttishvata sbr. 3. gr.

Miða skal við að grunnupphæðin nemi um 60% af heildarupphæðinni. Styrkhæf er sú íþróttagrein sem stendur fyrir æfingum og kennslu yngri en 18 ára, að lágmarki 2 föstum æfingatímum í viku 4 mánuði í senn, sumarnámskeið íþróttafélaganna eru undanskilin.

3. gr.

Taka skal til hliðar af heildarfjárframlaginu eina milljón króna sem rennur til þeirra félaga sem ná bestum árangri í að jafna þátttökuhlutfall kynjanna á milli ára. Heildarfjárhæðin sem liggur til grundvallar öllum öðrum úthlutunum samkvæmt samningi þessum lækkar sem þessu nemur.

Skal hálf milljón króna renna til þess félags þar sem hlutfall þess kyns, sem hallaði á, hefur aukist um flest prósentustig á milli ára, þó þannig að fjölgunin nemi að minnsta kosti fimm iðkendum. Hálf milljón króna skal renna til þess félags sem bætt hefur við flestum iðkendum af því kyni sem hallaði á. Reynist sama félag hafa náð bestum árangri samkvæmt báðum

mælikvörðum skal það þó aðeins hljóta helming fjárins, en hinn helmingurinn renni til þess félags sem var hlutfallslega næst því að jafna árangur þess á öðrum hvorum mælikvarðanum.

4. gr.

Íþróttafélög geta í lok ársins sótt um hækkandi styrk vegna hærri menntunarstigs þjálfara samkvæmt eftirfarandi:

Ýmis námskeið tengd íþróttþjálfun, menntunarstig ÍSÍ og sérsambanda innan íþróttahreyfingarinnar. Íþróttakennaramenntun, þjálfaranám á háskólastigi og íþróttافرæðigráða ásamt sérmenntun í íþróttagrein. Ákveðin verður grunnupphæð sem hækkar við hvert menntunarstig.

Miða skal við að styrkur vegna menntunarstigs og námskrár samkvæmt 5. gr. verði um 40% af heildarupphæðinni. Menntunarstig skal metið út frá gögnum sem íþróttafélögin leggja fram. Þessi styrkur er greiddur fyrir síðasta starfstímabil hvers íþróttafélags í árslok.

5. gr.

Aukastyrkur er veittur til íþróttafélags og/eða deildar þess sem útbúið hefur námsskrá eða heildræna æfingaáætlun fyrir starfsemi sína við þjálfun og kennslu yngri en 18 ára iðkenda sinna og fylgir henni.

6. gr.

Greiðslur miðast við upplýsingar um iðkendafjölda úr rafrænu skráningarkerfi vegna síðasta starfsárs. Jafnframt er hægt að óska eftir að íþróttafélag leggi fram kvittanir vegna æfingagjalda sem staðfestir fjölda iðkenda félags.

Íþróttafélag getur aðeins sótt um greiðslu vegna iðkenda einu sinni á hverju ári. Umsóknir um styrkveitingar skulu berast til skrifstofu ÍBH fyrir 15. apríl og koma til greiðslu fyrir 15. júní ár hvert. Samkvæmt samantekt ÍBH á umsóknum og upplýsingum frá íþróttafélögum mun Íþróttafulltrúi sjá um að greiðslur Hafnarfjarðar berist til ÍBH fyrir 1. júní. Styrkur vegna menntunarþáttar samkvæmt 4. gr. skal greiddur fyrir 31. desember á sambærilegan hátt. Fjárstyrkir til félaga / deilda skulu greiðast inn á rekstrarreikninga barna- og unglíngastarfs félaga / deilda.

7. gr.

Framlag Rio Tinto fyrir árið 2020 er 10.000.000 kr. sem greiðist við undirritun samnings..

Framlag Hafnarfjarðarbæjar er 10.000.000 kr. sem greiðast í febrúar 2020.

8. gr.

Íþróttá- og tómsbundanefnd getur farið fram á að upplýsingar frá íþróttafélögunum um einstaka þjálfara verði lögð fram til staðfestingar á menntun þeirra og að iðkendatala sé sem næst opinberum tölum um iðkendur íþróttafélaganna samkvæmt starfsskýrslum ÍSÍ hverju sinni.

9. gr.

Gefi íþróttafélög rangar upplýsingar eiga þau á hættu að missa hlutdeild í þessum styrk.

10. gr.

Samningur þessi gildir til eins árs frá 1. janúar - 31. desember árið 2020.

11. gr.

Samningurinn er gerður í þremur samhljóða eintökum. Hafnarfjarðarbær, ÍBH og Rio Tinto á Íslandi halda hvert um sig einu eintaki.

Hafnarfirði 27. desember 2019

F. h. Íþróttabandalags Hafnarfjarðar

F. h. Hafnarfjarðarbæjar

Með fyrirvara um samþykki bæjarstjórnar

F. h. Rio Tinto á Íslandi hf.



RioTinto



Vottar að rétttri dagsetningu,
fjárhæð og undirskrift aðila:
